



Gagnlegir hópar

Í öllum einingum þar sem unnið er með valinn einstakling (kerfiseinstakling) er haldið utan um lista yfir síðustu einstaklingana sem notandi hefur valið og unnið með. Til að fá upp þann lista er smellt á örina hægra megin við gula kallinn. Neðst á listanum er hægt að velja einstaklinga úr þeim hópum sem notandi hefur skilgreint.

The screenshot shows a software interface with a search bar at the top containing the text "Lykilalduresskoðun". Below the search bar is a list of groups. The second group, "Óklárað hjá mér", is selected and highlighted in blue. To the right of this group, a list of names and IDs is displayed, including "150665-..., Kristín", "251198-AAA9, Prufusjú", "070406-..., Vilhjálmur", "180473-..., Kristín", "210161-..., Auðbjörg", "080809-..., drengur:", and "123123-1239, Jón Jóns". Below the list are two buttons: "Mínir sjúklingar..." and "Setja valinn einstakling í hóp(a)...".

Ef aðgerðin **Mínir sjúklingar** er valin opnast gluggi þar sem hægt er að búa til, endurnefna og fjarlægja hópa ásamt því að velja hvaða einstaklingar eru í hverjum hóp. Færa má einstakling milli hópa með því að nota músina og draga hann yfir í annan hóp eða setja sama einstaklinginn í marga hópa með því að halda niðri **Ctrl** á meðan dregið er. Hópalistinn raðast í stafrófsröð og nota má bókstafi eða tölur fyrir framan heitið ef notandinn vill ráða uppröðun listans.

The screenshot shows a dialog box titled "Mínir sjúklingar". It has a table with two columns: "Hópur" and "Einstaklingar í völdum hópi". The "Hópur" column contains a list of groups, with "Óklárað hjá mér" selected. The "Einstaklingar í völdum hópi" column contains a list of names and IDs, including "Auðbjörg Reyvasson", "Jón Jónsson", "Kristín", "Kristín", "Prufusjúklingur með mjó", "Vilhjálmur", and "drengur Stefánsson".

Óstaðfest eyðublöð fara sjálfkrafa á vinnulista en í nýju einingunum t.d. Ung- og smábarnavernd verða engin eyðublöð til. Því er ekkert sem minnir notandann á að klára skráningu. Þá gæti hentað að setja viðkomandi sjúkling í hóp með því að velja **Setja valinn einstakling í hóp(a)** ef klára á skráninguna síðar.

Með kveðju, EMR - Heilbrigðislausnir